



Tækniminjasafn Austurlands

Viðskiptaáætlun



Um safnið

Tækniminjasafn Austurlands var formlega stofnað árið 1984 en fyrsta sýning þess var opnuð á 100 ára afmæli Seyðisfjarðarkaupstaðar árið 1995. Safnið fjallaði um þann hluta Íslandssögunnar sem snýr að tæknivæðingu landsins frá um 1880 til dagsins í dag.

Tækniminjasafnið sýndi hvernig tæknibreytingar sem snúa að véltekni, rafmagni, fjarskiptum, samgöngum og byggingalist voru samofnar breytingum á lifnaðarháttum og umhverfi. Safnið var staðsett á Búðareyrinni eða svokallaðri Wathnestorfu á Seyðisfirði en þar var að finna hús sem spiluðu stór hlutverk í tækniminjasögu landsins. Þar á meðal var Wathneshús, Vjelasmiðja Jóhanns Hanssonar, Skipasmíðastöðin og Angró.

Tækniminjasafn Austurlands er lifandi safn sem leggur áherslu á viðhald verkþekkingar og þáttökuvirkni gesta og á miðlun óáþreifanlegs menningararfs. Það er skapandi, fræðandi og gefandi í sinni miðlun. Það talar til ólíkra markhópa og hugar að aðgengi fyrir alla. Sýningar safnsins eru gagnvirkar og bjóða upp á þáttöku gesta svo þær skilji eftir sig sterka upplifun. Þær taka mið af ólíkum markhópum og ávallt er leitast við að huga að þörfum yngstu gestanna við sýningargerð. Huga skal að aðgengi fyrir alla við gerð sýninga. Í miðlun sinni hefur það sjálfbærni og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

Sýningar safnsins byggja á sanngildi og er ætlað auka víðsýni, fræða og skemmta.

Grunnsýning safnsins fjallar um tæknivæðingu seyðfirsks samfélags með tilvísun í stærra samhengi, bæði í fortíð og nútíð. Tímabundnar sýningar eru settar upp reglulega. Leitast verður eftir samstarfi við önnur söfn, menningarstofnanir, listamenn og fræðimenn við gerð sýninga. Áhersla skal á að miðla fjölbreytileika seyðfirsks samfélags. Sérstaklega skal huga að því að safnið fjalli um þátt kvenna við sýningargerð og framsetningu á efni. Við gerð sýninga, fræðsluefnis og viðburðahald skal samhliða hugað að tengingu við safnfræðslu fyrir ólíka þjóðfélagshópa. Við gerð sýninga skal hugað að sjálfbærni og lágmarka kolefnisspor eins og kostur er.



FRÆÐSLA

Tækniminjasafnið sinnir menntunar- og fræðsluhlutverki sínu af kostgæfni. Áhersla er á gott og virkt samstarf við nærsamfélagið. Safnfræðsla er í boði fyrir austfirsku skóla, mennta- og fræðastofnanir. Markmið safnsins er að fræðslan byggji á þáttökuvirkni með áherslu á upplifun og skemmtun. Horfa skal til þess að fræðsla hafi sérstöðu og sé ekki í samkeppni við kennsluefni sem finna má annarsstaðar. Fræðsla skal taka mið af aukinni vitund um jafnrétti og sjálfbærni/umhverfismál í samræmi við heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna. Horfa skal til aðalanámskráa mismunandi skólastiga við gerð fræðsluefnis.

STAFRÆN MIÐLUN

Safnið nýtir sér stafræna tækni til miðlunar. Sýningar skulu hannaðar með það í huga að hægt sé að miðla efni þeirra á heimasíðu safnsins. Samfélagsmiðlar eru ekki eingöngu nýttir sem markaðs- og kynningartæki heldur einnig við miðlun fróðleiks í tengslum við safnastarfið. Heimasíðan skal vera á íslensku og ensku. Gera skal sérstaka áætlun um rafræna miðlun á vef og samfélagsmiðlum.

VERKSTÆÐI/AÐSTAÐA

Á safninu verður aðstaða til að bjóða upp á námskeið, viðburði og vinnustofur er tengjast viðfangsefnum safnastarfsins. Einn af grunnþáttum safnastarfsins er viðhald eldri verkþekkingar og miðlun hins óáþreifanlega menningararfs.

VIÐBURÐIR

Tækniminjasafnið er hluti af nærsamfélagi sínu og mikilvægur partur af austfirsku menningarlífi. Með eigin viðburðahaldi, sem og þátttöku í viðburðum annarra eykst m.a. sýnileiki safnsins út á við, starfi þess er miðlað og boðið upp á vettvang til fræðslu og skemmtunar. Safnið gerir árlega viðburðaáætlun.

ÁFÖLL SAFNSINS

Þann 18. desember 2020 féll stór aurskriða á Seyðisfirði sem tók með sér fjölda húsa, þ. á m. stóran hluta af húsum safnsins og skemmdi önnur. Mikið tjón varð á safnkostinum, stór hluti af honum gjöreyðilagðist en öðru var hægt að bjarga. Safnið hefur því þurft að endurhugsa alla þætti, hvort heldur staðsetningu, húsnæði, rekstur, stefnu, sýningar, miðlun og fræðslu.



NÝTT SAFN

Eftir náttúruhamfarirnar stendur safnið á miklum tímamótum þar sem kost margþætt og krefjandi uppbygging er fram undan. Það þarf að tryggja uppbyggingu á nýjum safni og síðan tryggja það að safnið verði sjálfbært að uppbyggingu lokinni. Í þessari áætlun munum við reyna að gera okkur grein fyrir hver kostnaðurinn gæti orðið við nýja sýningu og hvernig reksturinn geti orðið sjálfbær að uppbyggingu lokinni.

Starfshópur sem ætlað var að gera tillögur um flutning sögulegra húsa á Seyðisfirði eftir skriðuföllin lagði til að nýtt safnasvæði verði við Lónsleiru og að bryggjuhúsið Angró yrði flutt þangað. Stjórn sem og vinnuhópur um stefnumótun safnsins ræddi þessar hugmyndir grannt og skoðaði kosti þeirra og galla. Arkitektarnir Gunnlaugur Björn hjá Gingi teiknistofa og Ástríður Birna Árnadóttir hjá Arkibbygg voru fengin til verksins auk verkfræðistofunnar Verkráð. Arkitektarnir komu með fram fyrstu hugmynd sem snýr að því að við hlið Angró muni rísa hús sem tekur mið af Gömlu skipasmíðastöðinni sem gjöreyðilagðist í skriðunni stóru en rými væri einnig á lóðinni fyrir frekari uppbyggingu þegar fram í sækir

Enn er óljós kostnaður við flytja safnið á nýjan stað stað, hönnun og framkvæmdir við húsnaði, kaup á innanstokksmunum og uppsetningu nýrra sýninga. Eftir skriðuföllin fengust tryggingabætur sem verða nýttar til fjárfestinga en ljóst er að það fjármagn mun ekki duga til. Aðkoma sveitarfélagsins Múlaþings og ríkisvalds er því mikilvæg auk þess sem æskilegt er að kanna hvort að safnið geti fengið bakhjarla úr einkageiranum til að styðja við uppbygginguna. Í fremstu lög skal forðast að skuldsetja safnið til að standa straum af kostnaði við uppbyggingu, það mun hafa verulega neikvæða afleiðingar á rekstur þess til framtíðar. Mikilvægt er að tryggja rekstrarfé á meðan á uppbyggingarfasa stendur á meðan að öflun sértekna er mjög takmörkuð. Múlaþing og ríkisvaldið spila þar lykilhlutverk.



LEIÐARLJÓS

- Fagmennska og sanngildi.
- Sjálfbærni og umhverfisvitund
- Inngilding og gestrisni
- Þátttaka gesta og fræðandi skemmtun





MÍÐLUNARSTEFNA

Tækniminjasafn Austurlands er lifandi safn sem leggur áherslu á viðhald verkþekkingar og þátttökuvirkni gesta og á miðlun óáþreifanlegs menningararfs. Það er skapandi, fræðandi og gefandi í sinni miðlun. Það talar til ólíkra markhópa og hugar að aðgengi fyrir alla. Í miðlun sinni hefur það sjálfbærni og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

SÝNINGAR

Sýningar safnsins eru gagnvirkar og bjóða upp á þátttöku gesta svo þær skilji eftir sig sterka upplifun. Þær taka mið af ólíkum markhópum og ávallt er leitast við að huga að þörfum yngstu gestanna við sýningargerð. Huga skal að aðgengi fyrir alla við gerð sýninga.

LIVIND verkefnið

Menningarmáladeild ráðuneytisins nálgast safnið með erlent samstarfsverkefni sem safnið ákvað að taka þátt í en það heitir LIVIND og er stýrt er frá Finnlandi með þátttakendum frá Norðurlöndunum, Eystrasaltsríkjnum og Póllandi þar sem fjallað er um og rannsakað samband á milli óáþreifanlegs menningararfs, sjálfbærni og hvernig það geti nýst samfélögum til vaxtar og viðnáms. Safnið er einn af samstarfsaðilunum, en það fer að mestu fram á netinu.

Markmið:

- Sýningar byggja á sanngildi og er ætlað auka víðsýni, fræða og skemmta.
- Grunnssýning safnsins fjallar um tæknivæðingu seyðfirsks samfélags með tilvísun í stærra samhengi, bæði í fortíð og nútíð.
- Tímabundnar sýningar eru settar upp reglulega.
- Leitast verður eftir samstarfi við önnur söfn, menningarstofnanir, listamenn og fræðimenn við gerð sýninga.
- Áhersla skal á að miðla fjölbreytileika seyðfirsks samfélags.
- Sérstaklega skal huga að því að safnið fjalli um þátt kvenna við sýningagerð og framsetningu á efni.
- Við gerð sýninga, fræðsluefnis og viðburðahald skal samhliða hugað að tengingu við safnfræðslu fyrir ólíka þjóðfélagshópa.
- Við gerð sýninga skal hugað að sjálfbærni og lágmarka kolefnisspor eins og kostur er.



Tækniminjasafn
Austurlands

Við sem lifum í síupplýstum
heimi, getum við sett okkur
í spor þeirra sem fyrir rúmri
öld upplifðu og sáu, jafnvel í
fyrsta sinn, rafljós lýsa upp
myrkrið?

Markaðurinn á Íslandi

Það er mjög mikilvægt þegar safnið er komið upp að fara í kröftugt markaðsstarf. Söfn á Austurlandi eru þau minnst sóttu á Íslandi. Tækniminjasafnið á Austurlandi ætlar að breyta þessari þróun og fara í öflugt markaðs og kynningarstarf. Það er mjög mikilvægt að safnið verði staður sem fólk sækir í þegar það kemur til Seyðisfjarðar. Orðsporið og jákvæð umfjöllun er mjög mikilvæg. Spannandi söfn eru aðdráttarafl fyrir ferðamenn og hafa aðsóknir á söfn aukist mjög mikið hjá ferðamönnum.

Stór hluti ferðamanna sem koma til Íslands vilja fá að vita meira um sögu lands og þjóðar. Safnaferðir eru í þriðja sæti sem vinsælasta afþreyingin (Oddný Þóra Óladóttir, 2019). Í skýrslu um erlenda ferðamenn og menningararfinn frá árinu 2018 kemur fram að hjá um 20% ferðamanna hafi íslensk saga/menningararfurinn haft mikil áhrif á ákvörðun um að heimsækja Ísland.

Það er markaður fyrir menningartengda ferðaþjónustu og það eru tækifæri sem skapast við að búa til heimsklassa upplifun. Sýningin þarf að skapa sérstöðu og skara fram úr. Hún þarf að vera þannig að ferðamenn vilji gera sér ferð til Seyðisfjarðar.

Markaðsetningin skiptir gríðarlega miklu máli. Markhópurinn er ansi breiður. Sýningin verður fyrir alla, fólk á öllum aldri, óháð kyni, þjóðfélagshópum eða þjóðerni. Það eru ekki bara erlendir ferðamenn sem koma á Seyðisfjörð heldur eru innlendir ferðamenn sem er mikilvægt að ná inn á safnið.







Skemmtiferðaskip

2023 eru 114 skemmtiferðaskip búin að bóka komu sína. Það verður mikil aukning í komu skemmtiferðaskipa á næstu árum. Þarna eru gríðarlega mikilvæg tækifæri fyrir safnið.

Skipakomur eru frá apríl fram í september 2023

Apríl = 1.380 farþegar

Maí = 2.778 farþegar

Júni = 15.812 farþegar

Júlí = 32.022 farþegar

Ágúst = 29.188 farþegar

September = 13.751 farþegar

Farþegafjöldi 2023 = 104.840

Stefnan að ná 10 % farþega skemmtiferðaskipana inn á safnið árið 2025 ef við miðum við árið 2023 Þá eru það samtals 10.484 farþegar. Farþegafjöldi mun aukast 2025. Hugmyndin er að stór hluti af tekjum safnsins geti komi frá þessum gestum.



Nýtt tækniminjasafn: Kostnaður við nýja upplifunarsýningu

Eins og fram hefur komið þá er óljós kostnaðurinn við að flytja safnið á nýjann stað framkvæmdir við húsnæði kaup á innanstokksmunum og uppsetning sýninga. Það eru margir þættir sem þarf að huga að þegar sýning er hönnuð og erfitt að spá fyrir endalegan kostnað fyrr en hönnunin liggur fyrir. Sýningin á að vera gagnvirk og bjóða upp á þáttöku gesta og þannig skilja eftir sterka upplifun. Sýningin mun verða hönnuð með þetta í huga. Það er mikilvægt að að það sé tekið mið af ólíkum markhópum og sérstaklega leittast við að sinna þörfum yngstu gestanna.

Huga skal að aðgengi fyrir alla við gerð sýningarinnar. Hér er hugmynd að kostnaði við að setja upp 100 fm sýningu í nýju húsnæði Tækniminjasafnsins. Kostnaður breytist eftir umfangi og stærð sýningarinnar sem liggur fyrir þegar sýningarhönnuninni er lokið.

Kostnaðaráætlun Tækniminjasafn		Samtals		
0	Sýningar og hugmyndahönnun	6300000		
100	Fjármögnun	2300000		
200	Framkvæmd annar hluti	59800000		
300	Opnunarhóf / Markaðsetning	1480000		
		Samtals	Óvissa 12 %	Samtals +óvissa
		69880000	8385600	78265600
	Sýningar- og hugmyndahönnun	Eining	Einingaverð	
1	Sýningarhönnuður	80	15000	1200000
2	Margmiðlunarhönnuður	80	15000	1200000
3	Verkefnastjóri	100	15000	1500000
4	Handrit / og texta	60	15000	900000
5	Ráðgjöf (bókmenntafr, sagnfr)	40	15000	600000
6	Grafískur hönnuður / uppsetning bækl	40	15000	600000
7	Skrifstofukostnaður / prentun bæklingur	Fastur kostn.		300000
				Samtals
				6300000
100	Undirbúningur framkvæmd			
101	Verkefnastjóri	100	15000	1500000
102	Aðstoð	80	10000	800000
				Samtals
				2300000
200	Framkvæmd / uppsetning	Tímar		
201	Sýningarhönnun lokahönnun/ uppsetning / teikningar	300	15000	4500000
202	Margmiðlunarhönnun hönnun / uppsetning	440	15000	6600000
203	Handrit / texti	100	12000	1200000
204	Þýðingar	40	10000	400000
205	Grafísk hönnun	150	15000	2250000
206	Smiði	300	15000	4500000
207	Smiði efniskostnaður	fast tilb		5000000
208	Merking prentun /	fast tilb		2500000
209	Tæki uppsetning	120	15000	1800000
210	Tölvur / Myndvarpar / hátalarar / snúrur ofl	fast tilb		7000000
211	Sérsmiði margmiðlunaratriði	fast tilb		5000000
212	Ljóahönnuður	150	15000	2250000
213	Ljósabúnaður	fast tilb		3000000
214	Flutningur milli staða	fast tilb		1000000
215	Gistikostnaður	30	15000	450000
216	Verkefnastj	540	15000	8100000
217	Aðstoð	280	10000	2800000
218	Framleiðsla á myndefni	100	15000	1500000
				Samtals
				59800000
300	Opnunarhóf / Markaðsetning			
301	Tónlistaratriði	Fast tilb		150000
302	Boðskort / markp	Fast tilb		50000
303	Auglýsingar útlit / prent / samfélagsmiðlar	Fast tilb		350000
304	Grafísk hönnun	16	15000	240000
305	Verkefnastj	30	15000	450000
306	Kynningarmyndband	16	15000	240000
				Samtals
				1480000

Rekstrargjöld og rekstrartekjur

Stærstur hluti tekna safnsins í kemur úr opinberum sjóðum. En ef áætlanir um gestafjölda ganga eftir þá er hægt að miða við að helmingurinn af tekjunum komi í formi aðgangseyri. Við áætlum að það komi um 20.000 gestir árið 2025.

Í rekstraráætlun er miðað við að starfsmenn séu þrjú og svo aukafólk um helgar og í sumarafleysingar. Í kostnaðaráætlun er reiknað með að laun og launatengd gjöld hækki um 4% á milli ára. Kostnaður og rekstrargjöld hækka í samræmi við það.

Búist er við að gestafjöldi hækki um 5 % á milli ára. Aðgangseyrir stendur í stað en er endurskoðaður eftir hvert rekstrarár. Rekstrarhagnaður fer í frekari uppbyggingu.

Rekstrarkostnaður	2025	2026	2027
Laun og launatengd gjöld	43,420,000	45,156,800	46,963,072
Kostnaður vegna húsnæðis	4,200,000	4,368,000	4,542,720
Markaðs og kynningarmál	1,800,000	1,872,000	1,946,880
Kostnaður vegna sýninga og viðburða	2,400,000	2,496,000	2,595,840
Annað	3,500,000	3,640,000	3,461,120
Alls	55,320,000	57,532,800	59,511,659
Rekstrartekjur			
Fjárveitingar/styrkir	30,000,000	30,000,000	30,000,000
Aðgangseyrir	30,990,000	32,539,500	34,166,475
Annað (búð salaleiga)	6,000,000	6,600,000	7,260,000
Alls	66,990,000	69,139,500	71,426,475

Starfsmenn

Fastir starfsmenn safnsins eru fylla þrjú stöðugildi safnstjóri, markaðs og kynningarfulltrúi, afgreiðsla og safnbúð og viðhald sýningar. Ráðið verður sumarstarfsmenn yfir sumartíman og starfsfólk til að sinna afgreiðslu um helgar.

Aðgangseyrir

2500 fyrir fullorðna

Ellilífeyrisþegar 1200 kr

Frítt fyrir börn undir 18 ára

Sértilboð fyrir hópa

Rekstrartekjur 2025

Á fyrsta rekstrar ári safnsins má búast að rekstrartekjurnar verði 63.980.000 kr.

Opinberir styrkir verða 30 milljónir, tekjur af aðgangseyri 26,4 milljónir, tekjur af búð 3,6 milljónur og tekjur af sala leigu 2,2 milljónir.

Rekstrartekjur 2025	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Samtals
Ferðamenn Skemmtiferðaskip	0	0	0	600	1,000	1,500	2,500	2,000	3,000	0	0	0	10,600
Fullorðnir	30	60	80	500	600	1,000	2,000	1,000	800	500	400	200	7,170
Eldri borgarar	20	50	60	70	150	200	250	250	200	100	50	50	1,450
Viðburðir/leiga	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	12
Opinberir styrkir	1												1
Búð	10	20	40	80	100	800	1,200	800	250	150	50	100	3,600
	0	0	0	480,000	800,000	1,200,000	2,000,000	1,600,000	2,400,000	0	0	0	8,480,000
	75,000	150,000	200,000	1,250,000	1,500,000	2,500,000	5,000,000	2,500,000	2,000,000	1,250,000	1,000,000	500,000	17,925,000
	30,000	75,000	90,000	105,000	225,000	300,000	375,000	375,000	300,000	150,000	75,000	75,000	2,175,000
	150,000	150,000	150,000	150,000	150,000	150,000	150,000	150,000	150,000	150,000	150,000	150,000	1,800,000
	30,000,000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	30,000,000
	10,000	20,000	40,000	80,000	100,000	800,000	1,200,000	800,000	250,000	150,000	50,000	100,000	3,600,000
													0
	30,265,000	395,000	480,000	2,065,000	2,775,000	4,950,000	8,725,000	5,425,000	5,100,000	1,700,000	1,275,000	825,000	63,980,000

Rekstrargjöld

Hérna er yfirlit yfir rekstrargjöld 2025 samtals 55,3 milljónir. Stærstu útgjöldin eru laun og launatengd gjöld samtals 44,4 milljónir, svo kemur kostnaður húsnæðis, markaðs og kynningarmál, skrifstofukostnaður, kostnaður við sýningar og viðburði og annar rekstrarkostnaður.

Fastur kostnaður														
Laun og launatengd gjöld														
	Safnstjóri	1,000,000	1,000,000	1,000,000	1,000,000	1,000,000	1,000,000	1,000,000	1,000,000	1,000,000	1,000,000	1,000,000	1,000,000	12,000,000
	Markaðs og kynningarmál	750,000	750,000	750,000	750,000	750,000	750,000	750,000	750,000	750,000	750,000	750,000	750,000	9,000,000
	Viðhald	700,000	700,000	700,000	700,000	700,000	700,000	700,000	700,000	700,000	700,000	700,000	700,000	8,400,000
	Starf 4													0
	Starf 5	0	0	0	0	500,000	500,000	500,000	500,000	0	0	0	0	2,000,000
	Starf 6	0	0	0	0	500,000	500,000	500,000	500,000	0	0	0	0	2,000,000
	Starf 7	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Launatengd gjöld 30%	735,000	735,000	735,000	735,000	1,035,000	1,035,000	1,035,000	1,035,000	735,000	735,000	735,000	735,000	10,020,000
														0
	Samtals	3,185,000	3,185,000	3,185,000	3,185,000	4,485,000	4,485,000	4,485,000	4,485,000	3,185,000	3,185,000	3,185,000	3,185,000	43,420,000
Kostnaður við húsnæði														
	Hilti rafmagn	200,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	1,300,000
	Viðhald	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	1,200,000
	Tryggingar	500,000												500,000
	Ýmislegt	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	1,200,000
		0												0
	Samtals	900,000	300,000	300,000	300,000	300,000	300,000	300,000	300,000	300,000	300,000	300,000	300,000	4,200,000
Skrifstofukostnaður														
	Rekstrarkostnaður skrifstofu	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	600,000
	Kaffistofukostnaður													0
		0												0
		0												0
		0												0
	Samtals	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	600,000
Bifreiðakostnaður														
		0	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	600,000
		0												0
		0												0
		0												0
		0												0
	Samtals	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	50,000	600,000
Markaðskostnaður														
	Auglýsingar/ markaðsferni	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	100,000	1,200,000
	Kostnaður vegna nýrra sýninga	150,000	150,000	150,000	150,000	150,000	150,000	150,000	150,000	150,000	150,000	150,000	150,000	1,800,000
		0												0
		0												0
		0												0
		0												0
	Samtals	250,000	250,000	250,000	250,000	250,000	250,000	250,000	250,000	250,000	250,000	250,000	250,000	3,000,000
Annar rekstrarkostnaður														
	Endurskoðun													0
	Ferðalög													0
		0												0
		3,000,000												3,000,000
		0												0
		500,000												500,000
	Samtals	3,500,000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3,500,000
	Kostnaður samtals	7,935,000	3,835,000	3,835,000	3,835,000	5,135,000	5,135,000	5,135,000	5,135,000	3,835,000	3,835,000	3,835,000	3,835,000	55,320,000



Tækniminjasafn Austurlands hefur viðurkenningu safnráðs sem viðurkennt safn og starfar því í samræmi við safnalög nr. 141/2011 og skilyrði viðurkenningar. Einnig fylgir það siðareglum og faglegum viðmiðum sem ICOM, Alþjóðaráð safna, hefur sett. Sumarið 2022 samþykkti Allsherjarþing ICOM nýja safnaskilgreiningu sem hljómar svo í óstaðfestri þýðingu og er leitast við að starfsemi Tækniminjasafnsins sé í samræmi við hana eins og kostur er: Safn er óhagnaðardrifið og varanleg stofnun í þjónustu við samfélagið sem rannsakar, safnar, varðveitir, túlkar og sýnir áþreifanlegan og óáþreifanlegan arf. Söfn stuðla að fjölbreytileika og sjálfbærni með því að vera opin almenningi, aðgengileg og inngildandi. Þau starfa og miðla á siðferðislegan og faglegan hátt með þátttöku ýmissa hópa samfélagsins og bjóða upp á fjölbreytta upplifun í þágu menntunar, ánægju, ígrundunar og þekkingar.

REKSTRARFORM. (SJÁLFSEIGNARSTOFNUN, STOFNUN SVEITARFÉLAGSINS EÐA SAMEINING VIÐ ÖNNUR SÖFN?) – HÓPAVINNA

Gerð var hefðbundin SVÓT-greining með tilliti til PEST analysis → Political – Economic – Social – Technological og fyrst lagt mat á óbreytt rekstrarform félagasamtaka. Niðurstaða SVÓT-greiningar var annaðhvort að halda því formi eða hafna og ef því var hafnað þá þurfti að SVÓT-greina annan kost rekstrarforms.

ÓBREYTT FORM FÉLAGASAMTÖK	
STYRKLEIKAR	VEIKLEIKAR
<p>Visst sjálfstæði – Að vera með sérstaka stjórn, sem getur tekið sjálfstæðar ákvarðanir</p> <p>Létt regluverk – sveigjanleiki – lítil yfirbygging (valdakerfi)</p>	<p>Brýtur reglur safnaráðs – gæti hamlað uppbyggingu – aðgengi að opinberu fé</p> <p>En þá ertu meir upp á þig komin, fjárhagslega – þurfa ennþá að leita til sveitarfélagsins, af hverju þá að vera sjálfseignarstofnun - er þetta limbó? – staðan er óskýr- viðkvæmara fyrir áföllum í atvinnulífinu – Bókhaldið á herðum Zuhaitz</p>
TÆKIFÆRI	ÓGNANIR
<p>Mikið Frelsi</p> <p>Lítil söfn koma með áhugaverðan vinkil á söguna – Kann að vera þeirra tækifæri til tekjuöflunar, t.d. varðandi einkaaðila eða hollvinasamtök.</p>	<p>Uppfylli ekki skilyrði og gæti ógnað tilvist</p> <p>Óvissa ef sameinað – Minna öryggisnet.</p>

BREYTT FORM SJÁLFSEIGNARSTOFNUN	
STYRKLEIKAR	VEIKLEIKAR
<p>Sjálfstæði – Sjálffæði – frelsi - Svigrúm – viðurkenning möguleikar gagnvart opinbera geiranum.</p>	<p>Ótraust bakland – þungur burður – umsýslukostnaður – öryggisleysi</p>
TÆKIFÆRI	ÓGNANIR
<p>Sveigjanleiki – breytileika – samstarfsmöguleikar – fjárfestar</p>	<p>Mikil samkeppni um fjármagn- sveiflur í ferðamennsku</p>